



Framtíðarskipulag svæðis. Arkitektastofan Arkis að beiðni stjórnar Snarfara er að teikna fyrir okkur hugmyndir af framtíðarskipulagi á svæðinu. Þær verða hafðar til hliðsjónar í viðræðum við borgaryfirvöld. Þeir lögðu til fund í lok nóvember en við báðum um frest fram í desember. Við bíðum því eftir fundarboði. Ólíklegt er orðið að vinna þeirra megin um skipulag á svæðinu hefjist á þessu ári eins og fyrirhugað var.

Kortakerfi. Í síðasta fréttabréfi var sagt frá hugmyndum og tilboðum í aðgangskerfi og kortahlið inn á svæðið. Þau eru komin í hús og við hyggjumst ganga að lægsta tilboði. Nokkur vinna er við að koma slíkum búnaði upp og kostnaðarsöm. Ekkert tilboð sem við fengum gerði ráð fyrir þeim hluta. Stjórn mun á næstu dögum skilgreina verkþætti og biðla til félagsmanna að koma að því verkefni. Gangi það ekki eftir verður sú þjónusta keypt.

Frekari fréttir af hliðarmálum. Tryggingarfélag okkar bætir ekki tjónið. Tryggingarfélag þess sem ók á hliðið neitar bótum og vill jafnvel meina að við séum ábyrgð fyrir skemmdum á bílnum. Það yrði félaginu stór biti að kyngja. Eyvindur Jóhannsson tók málið að sér þegar þetta var ljóst og endaði það fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna sem dæmdi okkur í vil. Líklegt er því á þessum tímapunkti að við fáum tjónið bætt en tryggingarfélagið getur þó farið dómstólaleiðina ef þeir samþykkja ekki þessa niðurstöðu. Vill stjórn félagsins þakka Eyvindi sérstaklega fyrir hans aðkomu að þessu máli. Fáist hliðið bætt á núvirði gamla hliðsins borgar það líklega kostnaðinn við nýtt kortahlið.

Traktor kom úr viðgerð í síðasta mánuði og eins og búist var við skv. viðgerðaráætlun var kostnaðurinn rúmlega eina milljón króna. Hann bilaði svo aftur skömmu síðar en var minni viðgerð sem var gert við á staðnum og er nú í fullri notkun. Við biðjum svo til traktorsguðsins að hann verði til friðs. Hér er einn viðhaldsfrír í ódýrari kantinum.



Skötuveisla Eyvindar sem haldin var laugardaginn 3.des tókst með miklum ágætum og tæplega 40 manns sem mættu í veisluna. Skatan var eftir smekk og saltfiskurinn sælgæti, tólgín kraumaði og ákavítið gufaði upp á leið niður vélindað. Fötonum var hent eftir veislu. Þannig að allt eins og það á að vera. Í eftirmatinn var grautur og auðvitað möndlugjöf. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá Eyvind afhenda vinningshafa möndlugjöfina.

Kosningar. Kosningar til stjórnar verða í lok janúar á næsta ári. Er skorað á alla þá sem áhuga hafa á framgangi félagsins og vilja hafa þar áhrif að bjóða sig fram. Frekari upplýsingar um stjórnarkjör má sjá á heimasíðu Snarfara. Gjaldkeri mun






hverfa úr stjórn eftir mikla og góða vinnu síðustu ár. Núverandi varaformaður var kosinn til eins árs á síðasta aðalfundi og eins er um formann að hann er kosinn er til eins árs í senn. Ef um lagabreytingar eru að ræða sem félagsmaður vill leggja fram þá skulu viðbætur við lög félagsins skal skila til stjórnar í síðasta lagi fjórum vikum fyrir aðalfund. Þarf samþykki minnst 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna á tillögunum á aðalfundi.

Innsigling. Innsiglingarmálin eru alltaf í brennidepli og ófá símtölin og tölvupóstar sem hafa fari á milli stjórnar og borgaryfirvalda. Vilyrði voru um að dýpka nú í haust en ekkert hefur verið gert. Síðar kom í ljós að borgaryfirvöld höfðu gert samning við Björgun um dýpkun innsiglingar inn í bryggjuhverfi (var skrifað undir í lok okt). Í framhaldi var haft samband við tengilið okkar hjá borginni sem hefur með þessi mál að gera og beðið um skýringar. Var bent á að hagsmunir okkar væru mun,meiri en þeirra sem geymdu báta í bryggjuhverfi. Við fengum þau svör að samið yrði um okkar rennu samhliða og útskýrt hvers vegna þessi samningur um dýpkun inn í bryggjuhverfið hefði verið undirritaður. Við bíðum því enn um sinn. Nokkuð kvíðvænlegri er þessi aðgerð um uppfyllingu austan við Snarfarahöfn sem líklega teygir sig út í innsiglinguna. Gríðarlegu magni af uppfyllingarefni verður sturtað þarna út í sjó og líklegt að innsiglingin fyllist um leið og framkvæmir hefjast.



hefur stofnað nefnd um hagsmuni skemmtibátaeigenda að beiðni stjórnar Snarfara sem átti fundi með forstjóra Samgöngustofu nú í vor. Unnið verður sameiginlega að tillögum til að bæta, einfalda og laga reglugerðarumhverfi skemmtibátaeigenda. Líklega verða tveir aðilar frá Snarfara tilnefndir í nefndina. Einnig mun formaður SÍL (Siglingasamband Íslands) og jafnvel aðrir hagsmunaaðilar koma að þeirri vinnu.

Landrafmagn. Í fyrra haust var sagt frá kaupum á rafmagnsstaurum sem eru færanlegir um svæðið allt eftir því hvar vantar rafmagn. Þeir eru komnir til landsins og verið að gera þá klára. Hér má sjá mynd af herlegheitunum.



Dagbækur merktar Snarfara.

Varmá ætlar að bjóða upp á Snarfara-dagbækur fyrir 2017. Jafnframt er hægt að biðja um sérmerkingu með merki Snarfara á mjög góðu verði. Tvær útfærslur og margir litir eru í boði. „*Varmá dagbækur hafa verið gefnar út samfleytt í 37 ár og eru landsmönnum góðkunnar*“. Vaktbókin okkar 2016 er einmitt frá Varmá. Ef félagar hafa áhuga þá er hægt að hafa samband við viðkomandi gegnum netfangið varma@varmasf.is en einnig er blað á borði í félagsheimili og sýnieintök en félagar geta þá skoðað og pantað dagbók hafi þeir áhuga með því að skrá sig á þann lista.



Helstu niðurstöður úr jólabjórsmökkun Snarfara

Það var góðmennt en fámennnt á jólabjórsmökkun Snarfara föstudaginn 25.nóv. Um það bil 11 manns tóku þátt og þar af 8 félagsmenn eða um 2,42% félagsmanna. Það var þó mál manna að það hafi verið helvíti gaman sérstaklega er líða tók á smökkunina. Í ljós kom að það virðist vera tengsl milli fjölda bjóra sem innbyrtir eru og ánægjuvísitölu smökkunarinnar þ.e. því fleiri bjórar ERGO því meiri ánægja. Boðið var upp á síld og rúgbrauð með sméri og svo



hefðbundið snakk á borðum. Fimm tegundir voru smakkaðar og gefin stig frá 1 upp í 5 fyrir heildargæði og upplifun þátttakenda. Notaður var "líkert" skali þar sem 1= ódrekandi sull, 2=í lagi ef maður er þegar drukkinn, 3=allt í lagi en svo sem engin fiðringur í maganum, 4= nú erum við að tala saman -nammi nammi og 5=guðafæða fyrir kónga og keisara.

Ölvistholt "Heims um bjór" 5%	Einkunn 2,6
Egils Malt "Jólabjór" 5,6%	Einkunn 3,3
Steðji "Almáttugur jólabjór" 5,7%	Einkunn 2,9
Boli "Doppelbock jólabjór" 7,5%	Einkunn 3,2
Giljagaur nr.14 10%	Einkunn 1,7

Það var því gamli Egils maltbjórinn sem sigraði enda að mestu meinlaus og fékk nokkuð góðar einkunnir að jafnaði meðan það var meira flókt á hinum. Boli kom þar rétt á eftir og ekki ólíkir bjórar. Almennt þótti þó Giljagaur ódrekandi sull. Ekki var farið sérstaklega mjúkum höndum í lýsingum þátttakenda á bjórnum. **Hér eru nokkrar:** Góður teigaður en stenst ekki smjatt prófið. Ódrekandi sull! Of mikið reynt...Fail! Er ekki bjór! Skánar með auknum bjór. Dálítið sætur-ekki eins sætur og þið samt. Góður

Fínn bjór -notalegur keimur. Agressífur -maður drekkur ekki marga. Pokkalegur, does the job-örlítið málmkenndur þó og leiðinlegur. Blíðrammur og rennur ljúft niður Helvíti góður. Viðbjóður. Ágætur, beiskur, betri í litlum sopum. Góður á öðru glasi Bragðflækja. Djöfull vondur. Þeir hafa misst sig í lakkrisnum. Ekki kaupa Mildur og ljúfur



Það eru ýmis ævintýrin í gangi.

Þessa 40 ft.skútu má finna hér í útjarði borgarinar. Hún er búin að vera í smíðum í fleiri ár en er nú loks að vera tilbúin og sjósetning fyrirhugað í vor og ekki ólíklegt að verði sett út frá Snarfara. Bjarni heitir smiðurinn og er „þúsundþjalasmiður“ í orðsins fullstu merkingu. Allt frá skrokki í að sauma utan um dýrnur og kodka er hans verk. Trésmíðin í bátnum er meistaraverk og stálsmíðin óaðfínanleg. Allt í bátnum fyrsta flokks og úthugað. Svo er hann bara svo jákvæður og með skemmtilega lífsýn að það smitar. Gaman að svona fólki.



F.h. stjórnar Snarfara

Pétur Ó. Einarsson, formaður